



ÁRSSKÝRSLA 2022

Efnisyfirlit

Skipulag og hlutverk	2
Yfirlit 2022	3
Alþjóðleg vernd	3
Skipting verndarmála eftir tegund og kyni	4
Dvalarleyfi, brottvísanir og frávísanir	6
Rekstur.....	8

Skipulag og hlutverk

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnslunefnd skipuð sjö aðalmönnum. Formaður og varaformaður nefndarinnar hafa starfið að aðalstarfi. Þrír nefndarmenn eru skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands en tveir nefndarmenn eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Hlutverk nefndarinnar er að úrskurða í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli laga um útlendinga en við úrlausn kærumála hefur nefndin sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnslustigi.

Formaður kærunefndar útlendingamála er Þorsteinn Gunnarsson og fer hann með yfirstjórn og daglegan rekstur hennar. Tómas Hrafn Sveinsson er varaformaður nefndarinnar. Tveir yfirlögfræðingar, 8 lögfræðingar, rekstrarfulltrúi og ritari störfuðu að jafnaði hjá nefndinni árið 2022.

Kærunefnd útlendingamála 2022


- Þorsteinn Gunnarsson, formaður
- Tómas Hrafn Sveinsson, varaformaður
- Sandra Hlíf Ocares, aðalmaður, skipuð án tilnefningar
- Gunnar Páll Baldvinsson, aðalmaður, skipaður án tilnefningar
- Sindri M. Stephensen, aðalmaður, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands
- Þorbjörg Inga Jónsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands
- Bjarnveig Eiríksdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Yfirlit 2022

Alls bárust nefndinni 888 mál árið 2022, það var töluverð fækkun frá árinu 2021. Mesta fækkunin var í beiðnum um frestun réttaráhrifa á milli ára, árið 2021 voru þær 258 en árið 2022 139. Verndarmálum fjölgaði á milli ára þegar beiðnir um frestun réttaráhrifa eru ekki teknar með en árið 2021 voru heildarfjöldi verndarmála 575 en árið 2022 voru þau 621.


Endurupptökubeiðnum verndarmála fjölgaði á milli ára, árið 2021 voru endurupptökubeiðnir 159 af heildarfjölda verndarmála en árið 2022 voru þær orðnar 229.

Önnur mál en verndarmál þ.e. vegabréfsáritanir, dvalarleyfi, brottvísanir og málsmeðferðarkærur fækkaði mikið á milli ára en árið 2022 voru þau 94 en árið á undan 164 .




Alþjóðleg vernd

Árið 2022 fjölgaði innkomnum málum umsækjenda um alþjóðlega vernd samanborið við árið 2021. Innkomin mál voru 621 en árið áður voru þau 575. Ástæðu þess má að einhverju leyti rekja til aukningar í beiðnum um endurupptöku mála einstaklinga sem ekki höfðu verið fluttir úr landi í samræmi við tímafresti er greinir í 2. mgr. 36. gr. laga um útlendinga.



Nefndin afgreiddi í heild 521 mál árið 2022. Flest innkominna mála komu inn á síðasta ársfjórðungi ársins eða 286 því voru 179 verndarmál í vinnslu 31. desember 2022 samanborið við 93 í lok árs 2021.




Meðalmálsmeðferðartími ársins 2022 styttist um 46 daga frá árinu áður og var að meðaltali 48 dagar á árinu 2022.


Skipting verndarmála eftir tegund og kyni

Flest af þeim verndarmálum og endurupptökubeiðnum sem komu inná borð nefndarinnar voru frá umsækjendum sem þegar höfðu hlotið vernd í öðru ríki en alls voru þau 311 og þar af 114 endurupptökubeiðnir. Beiðnir um endurupptöku í málum vegna alþjóðlegrar verndar voru 229 af þeim

621 málum sem komu inn eða 36% mála. Árið á undan var hlutfallið 28% og því hækkaði hlutfallið á milli ára.




Langflestir umsækjendur sem kærðu synjanir um vernd til nefndarinnar voru karlmenn eldri en 18 ára.




Dvalarleyfi, brottvísanir og frávísanir

Dvalarleyfismálum fækkaði á milli ára úr 74 árið 2021 í 46 árið 2022. Sömuleiðis kærur vegna brottvísana úr 36 árið 2021 í 19 árið 2022





Meðalmálsmeðferðartími ársins á dvalarleyfismálum var 59 dagar og styttist því um 8 daga frá árinu áður en stóð í stað í brottvísunarmálum.



Staðfestingarhlutfall í málaflokkum nefndarinnar

Staðfestingarhlutfall í málum vegna alþjóðlegrar verndar, þ.e. þar sem ákvarðanir Útlendingastofnunar voru staðfestar að fullu, hækkaði heilt á litið milli ára úr 67% í 75%.



Rekstur

Í töflunni að neðan má sjá yfirlit rekstrarkostnaðar nefndarinnar. Rekstur nefndarinnar var innan fjárheimilda árið 2022

Kostnaðarliðir	Fjárhæð	Hlutfall	
Dagvinna	146.554.993		
Aukagreiðslur	19.867.606		
Yfirvinna	8.654.208		
Launatengd gjöld	39.037.402		
Orlof	-4.428.223		
Laun og launatengd gjöld	209.685.986	80%	
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	266.097		
Fundir, námskeið og risna	2.189.746		
Akstur	80.900		
Ferðir og fundir	2536743	1%	
Tímarit, blöð og bækur	34.592		
Skrifstofuvörur og áhöld	690.410		
Aðrar vörur	3.461.629		
Tölvu og kerfisfræðiþjónusta	899.808		
Önnur sérfræðiþjónusta	12.197.690		
Sími og ýmis leigugjöld	5.612.563		
Prentun, póstur, augl., flutningar	1.074.186		
Rekstrarkostnaður skrifstofu	23980942	9%	
Húsaleiga og aðk. ræsting	21.506.356		
Rafmagn og heitt vatn	179.498		
Verkkaup og byggingavörur	667.128		
Húsnæði	22352982	9%	
Vextir, bætur, skattar	20.549		
Brennsluefni og olíur	10.064		
Annar rekstarkostnaður	30613	0,012%	
Afskriftir eigna	2.387.492	1%	
	Útgjöld alls	260.974.758	100%
	Framlag ríkissjóðs	270.987.492	
	mismunur	10.935.175	